Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, undirskrifuð af konungi 8. maí 1894, ásamt þýðingu (A. nr. 15, bls. 90—105).

Konungleg auglýsing um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 14. maí 1894 (A. nr. 16, bls. 106—107).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í Lissabon o. fl., undirkrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. maí 1894 (A nr. 17, bls. 108—109).

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu* **um vanrækslu hreppsnefnda í samning kjörskráa.** — Þjer hafið, herra amtmaður í þóknanlegu brjefi, dags. 13. desbr. f. á., tjáð mjer, að ýmsar hreppsnefndir í ömtum yðar hafi stundum að undanförnu og sjerstaklega síðastliðið ár sýnt talsvert hirðuleysi í því, er lýtur að skyldum þeirra samkvæmt kosningarlögunum 14. sept. 1877, og hafið þjer sjerstaklega til þess nefnt Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Helgastaða-, Kelduness-, Axarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla-, Svalbarðs- og Sauðanesshreppa í Þingeyjarsýslu, og Geithella-, Beruness-, Eiða- og Skriðdalshreppa í Suður-Múlasýslu; en frá engum af þessum hreppum hafa kjörskrár komið í tæka tíð. Jeg skal því þjónustusamlega leggja fyrir yður, herra amtmaður, að áminna nefndar hreppsnefndir um að gæta vandlega skyldu sinnar framvegis í þessu efni og tjá þeim, að ef framvegis verði brögð að vanrækslu af þeirra hálfu, muni að því reka, að ekki verði hjá því komizt að láta þær sæta ábyrgð eptir lögunum. **39** 27. febr.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð** (ágrip). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 8. s. m. veitt samþykki til makaskipta á kirkjujörðinni Vígholtsstöðum, tilheyrandi Hjarðarholtskirkju í Dalaprófastsdæmi, og bændaeigninni Sámsstöðum í Laxárdalshreppi, þannig, að hin fyrnefnda jörð verði að því er gjaldskyldu snertir eptirleiðis skoðuð sem bændaeign, en hin síðarnefnda verði sett jafnhliða öðrum kirkjujörðum. **40** 14. marz.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til húsakaupa á kirkjujörð** (ágrip). — Með brjefi þessu var leyfð 256 kr. lántaka, þannig, að lánið skyldi endurgreiðast á 20 árum auk 4% vaxta, gegn veði í tekjum Hofsprestakalls í Vopnafirði, til þess að kaupa nauðsynleg hús á kirkjujörðina Hraunfell. **41** 13. apríl.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um niðurjöfnun á jafnaðarsjóðsgjaldi** (ágrip) — Samkvæmt tillögum amtmanns samþykkti landshöfðingi, samkvæmt 56. gr. í tilsk. 4. mai 1872, að jafnað væri **42** 17. apríl.

11. dag júnímán. 1894.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1894.